

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 7. nóvember var ellefti fundur ársins 2023 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Bryndís Malla Elíadóttir og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Lykiltölur og rekstur
3. Stefnumótun
4. Vetrarfundur
5. Líkhúsmál og rekstur
6. Önnur mál og ákvörðun um vetrarfund

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt ásamt fundargerð frá því í september.
2. Kynntar voru lykiltölur í rekstri. Rekstrartap var 85,9 milljónir af lögbundinni starfsemi og neikvætt sjóðsflæði tæpar 35 milljónir fyrstu 9 mánuði ársins. Jarðsetningum á fyrstu 10 mánuðum ársins hefur fækkað, bæði duftkera og kistugrafa. Kistugrafir voru 434 en á sama tíma á síðasta ári voru þær 483. Fjöldi jarðsetninga á duftkerjum var 644 en á sama tíma á árinu áður var fjöldinn 651. Bálförum fjölgaði hins vegar úr 938 á síðasta ári í 971 á sama tíma á þessu ári. Bálförum heldur því áfram að fjölga og eru nú um 60% af jarðsetningum á Höfuðborgarsvæðinu.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref í stefnumótun. Vinnustofa með öllu starfsfólki var haldin í byrjun nóvember og önnur vinnustofa verður haldin í lok nóvember í tengslum við stefnumótun. Meðal annars var fjallað um menningu og gildi Kirkjugarða Reykjavíkur. Auk þess var rætt hvort og hvernig nýtt merki Kirkjugarða Reykjavíkur ætti að vera. Nánar kynnt síðar. Umræður.
4. Vetrarfundur verður haldinn mánudaginn 13. nóvember næstkomandi kl 18. Til umfjöllunar er m.a. fjárhagsstaða Kirkjugarða Reykjavíkur og kynnt verður aðgerðaráætlun sem viðbrögð við þeirri stöðu sem komin er upp. Einnig verður stefnumótunin kynnt og næstu skref í tengslum við hana.
5. Farið var yfir stöðu líkhúsmála og þá alvarlegu stöðu sem blasir við. Ráðuneytinu er ljós hver staðan er og er von á fundi með ráðherra í desember. Fækkað hefur verið um tvö stöðugildi í líkhúsi og athafnarýmum frá 1. nóvember og þjónusta skert verulega. Starfsfólk útfararstofa sér nú sjálft að mestu um að koma fyrir líkum í líkgeymslur. Fundað var með útfararstjórum í lok október og hafa þeir sýnt málinu mikinn skilning. Kælikerfi líkhússins er orðið úrelt og allt stefnir í að líkhúsi verði lokað og rekstri hætt ef ekkert verður að gert. Fjölmiðlar hafa sýnt málinu mikinn áhuga.
6. Önnur mál. Bálstofumál voru m.a. rædd auk staða annarra kirkjugarða í landinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:00.

Emilía Guðrún Svavarsdóttir
Kristján Guðmundsson
Egill Heiðar Gíslason

Ingvar Stefánsson
Bryndís M. Malla